

**3582. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
fimmtudaginn 12. desember 2024 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Haraldur Benediktsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2411195 - Gjaldskrá Tónbergs, andyri og kennslustofa

Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi sínum þann 4. desember 2024 tillögu skólastjóra Tónlistarskóla Akraness um gjaldskrá fyrir Tónberg og vísaði málinu til afgreiðslu hjá bæjarráði.

Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasvið situr fundinn undir þessum dagskrárlíð sem og dagskrárlíðum nr. 2 til og með 4.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu um gjaldskrá fyrir Tónberg og önnur rými hjá Tónlistarskóla Akraness.

Samþykkt 3:0

2. 2405045 - Skátafélag Akraness - endurnýjun samstarfssamnings

Núverandi samstarfssamningur við Skátafélag Akraness gildir út árið 2024. Skóla- og frístundaráð leggur til við bæjarráð að samstarfssamningur Akraneskaupstaðar og Skátafélags Akraness verði framlengdur óbreyttur um eitt ár, þ.e. til loka árs 2025.

Bæjarráð samþykkir framlengingu samstarfssamningsins til 31. desember 2025.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð telur mikilvægt að áframhaldandi samtal um framtíðarfyrirkomulag starfseminnar eigi sér stað og leggur til að samráðsfundur sbr. III. kafla samningsins verði haldinn að vori 2025 þannig að tillögur geti legið fyrir tímanlega við fjárhagsáætlunarvinnu vegna ársins 2026.

Samþykkt 3:0

3. 2412143 - Kaup á hlaupabrettum í þreksal á Jaðarsbökkum

Erindi forstöðumanns íþróttamannvirkja og íþróttamála um kaup á tveimur hlaupabrettum.

Bæjarráð samþykkir erindið og viðbótarútgjöld vegna þessa samtals að fjárhæð kr. 3.000.000.

Samþykkt 3:0

EB
H.B

Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 28. við fjárhagsáætlun ársins 2024 vegna framangreinds, samtals að fjárhæð kr. 3.000.000 sem færð verða á deild 06510-4660 og mætt með tilfærslu fjármagns af launaliðum 06520-1691.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

4. 2411107 - Brunavarnir Stúkuhúsið í Görðum

Bréf með ósk um fjármagn til að uppfylla kröfur um brunavarnir í stúkuhúsi á Garðavöllum.

Skipulags- og umhverfisráð hafði ekki athugasemdir við áætlaða framkvæmd og vísaði erindinu að öðru leyti til bæjarráðs.

Bæjarráð samþykkir að ráðist verði í framkvæmdina og ráðstöfun fjármagns innan gildandi fjárfestingar- og framkvæmdaáætlunar vegna ársins 2024 til þess.

Samþykkt 3:0

Dagný Hauksdóttir vísar af fundi.

5. 2412090 - Miðstöð slysavarna barna - styrkbeiðni - myndband

Styrkbeiðni - Miðstöð slysavarna barna - vegna myndbands og námskeiðs.

Bæjarráð getur ekki orðið við erindinu.

Samþykkt 3:0

6. 2406138 - Langtímaveikindi starfsmanna 2024 (veikindapottur)

Úthlutun úr veikindapotti vegna síðari hluta ársins 2024.

Bæjarráð samþykkir úthlutun fjármun vegna kostnaðar stofnana Akraneskaupstaðar við afleysingar vegna veikindaforfalla starfsmanna á árinu 2024. Úthlutunin er vegna tímabilsins 1. júlí til og með 31. desember og nemur samtals kr. 26.387.215 sbr. meðfylgjandi fylgiskjal.

Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 29 við fjárhagsáætlun ársins 2024 samtals að fjárhæð kr. 26.387.215 og er ráðstöfuninni mætt með óvissum útgjöldum, deild 20830-1691, að fjárhæð kr. 10.280.000, og af auknum skatttekjum, deild 00010-0020, að fjárhæð kr. 16.107.215, og færð á tegundarykilinn 1691 á hverja stofnun fyrir sig sbr. skiptingu samkvæmt meðfylgjandi fylgiskjali.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

ETB
HB

Samtals hefur því verið úthlutað kr. 77.726.842 til stofnana Akraneskaupstaðar á árinu 2024 vegna afleysingakostnaðar sem tilkominn er vegna langtímaveikinda starfsmanna.

Bæjarráð leggur áherslu á að greining verði gerð á tengslum veikinda og starfsaðstæðna, með það að markmiði að unnt sé að vinna betur í forvörnum sem stuðlað geti að bættri velferð mannauðs Akraneskaupstaðar.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:30.

Linn Brandsson

Valgardur S. Jónsson

Ragnar Samundsson

Hareldur Benediktsson

Selma Adlafur